

Borgarlína – innkomnar athugasemdir og ábendingar við forkynningu vinnslutillagna

Dags. 7. september 2017

Kynningaferli vinnslutillaga svæðis- og aðalskipulagsbreytinga hófst 29. maí með bréfi til lögbundinna umsagnaraðila, tilkynningu á heimasíðu SSH og sveitarfélaganna ásamt auglýsingu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Óskað var eftir að athugasemdir og ábendingar yrði skilað inn fyrir 21. júní 2017.

Haldinn var einn sameiginlegur kynningarfundur í Salnum 7. júní, hvar um 70 manns mættu. Auk þess hélt Mosfellsbær opinn fund og Reykjavíkurborg var með kynningar í hverfisráðum. Lögbundnum umsagnaraðilum var boðið til sérstaks kynningarfundar hjá VSÓ þar sem farið var yfir tillögurnar og spurningum svarað.

Alls bárust athugasemdir og/eða ábendingar frá 33 aðilum og þar af 12 lögbundnum umsagnaraðilum. Eftirfarandi listi dregur fram kjarnan í innkomnum ábendingum og hvernig brugðist hefur verið við þeim.

| Nr. | Dags. | Sendandi | Athugasemdir/ábendingar | Viðbrögð |
|-----|------------|----------------------------------|--|--|
| 1 | 13.06.2017 | Heilbr.nefnd Hf. og Kóp.svæðis | Engin athugasemd | Engin |
| 2 | 14.06.2017 | Sveitarfélagið Vogar | Leggja áherslu á mikilvægi samþættingu Borgarlínu við almenningsamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu. Leggja til að útbúin verði tengistöð á jaðri höfuðborgarsvæðinu þar sem hugað verði að samþættingu mismunandi ferðamáta - park & ride. | Vísað til vinnu aðalskipulagstillagna – sérstaklega HAF og GAR |
| 3 | 20.06.2017 | Hafnarfjarðarbær | Bæjarstjórn Hafnarfjarðar áréttar að við greiningu á legu Borgarlínunnar verði áhersla lögð á leiðir og lausnir sem gefa sem stystan ferðatíma og sett í forgang að tengja bæinn með skilvirkum hætti í samræmi við þarfir bæjarbúa. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 4 | 20.06.2017 | Isavia | Fagnar tillögnum en telur að Borgarlína eigi að tengja flugstöð Reykjavíkurflugvallar þannig að flugfarþegar geti nýtt kerfið. Að skoðaðir séu aðrir kostir á legu um Vatsnmýri yfir í Kópavog sem samrýmast flugvellingum betur. | Vísað til vinnu aðalskipulagstillögu REY |
| 5 | 20.06.2017 | Vegagerðin | Engar athugasemdir | Engin |
| 6 | 21.06.2017 | Umhverfis-og skipulagráð RVK | Fjölga valkostum fyrir tengingar milli Miklubrautar og Suðurlandsbrautar/ Laugavegs. Bæta við valkostum á línu D2. Skoða styttri útgáfur að línunum C5, C2 og B3. Að hægt verði að fá upplýsingar um dreifingu farþega hverrar línu fyrir sig á hverju svæði en ekki sem meðaltöl. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 6a | | Hverfisráð Árbæjar | Telja óráð að Borgarlína nái ekki uppí Árbæ | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 6b | | Hverfisráð Vesturbæjar | Telja athugandi að einnig sé leið um Vesturbæinn eftir Mýrargötu. Leggja til staðsetningar á stöðvum og minna á að tryggja verði gott aðgengi gangandi að biðstöðvum. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 7 | 20.06.2017 | Strætó bs. | Huga þurfi að betri tengingu milli Smáralindar og Mjóddar og að núverandi tillögur taki ekki nægjanlegt tillit til möguleika stórrar skiptistöðvar við Vogabyggð. Að ekki sé rétt að lengja leiðina úr Hafnarfirði með króki í Smáralind. | Samtal við Strætó um heildarleiðarkerfi alm. samgangna. Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 8 | 28.06.2017 | Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis | Engar athugasemdir | Engin |
| 9 | 06.07.2017 | Bláskógarbyggð | Engar athugasemdir | Engin |

| | | | | |
|----|------------|-------------------------------|---|--|
| 10 | 12.07.2017 | Umhverfisstofnun | Bendir á að ein helsta uppspretta loftmengunar í þéttbýli sé af völdum samgangna. UST telur að framkvæmd Borgarlínunnar vera í samræmi við eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar eða draga úr neikvæðum áhrifum og stuðla að sjálfbærri þróun. Bendir á að með tilkomu Borgarlínu muni hlutfall þeirra sem nýta almenningssamgöngur aukast og meiri vitneskja verða meðal almennings um kosti þess að nota almenningssamgöngur í stað einkabifreiðar. UST tekur undir að setja þurfi strangari kröfur um bíla og hjólastæði á áhrifasvæðum Borgarlínu. Stofnunin telur jákvætt að uppbyggingarheimildir nái einungis til svæða þar sem landnotkun gerir ráð fyrir uppbyggingu og því sé ekki verið að skreða náttúruleg umhverfi né opin svæði. | Skerpa betur á jákvæðum áhrifum vegna loftslagsmála í UMÁ. Sjá umhverfisskýrslu. |
| 11 | 10.07.2017 | Minjastofnun Íslands | Minnir á lagalegar skyldur sveitarfélaga að skrá fornleifa, húsa og mannvirka áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Áréttar að slík skráning verði að liggja fyrir til að stofnunin geti tekið afstöðu til fyrirliggjandi tillagna á breytingum aðalskipulaga sveitarfélaga. | Skerpa betur á áhrifum á menningarminjar í UMÁ. Sjá umhverfisskýrslu. |
| 12 | 03.08.2017 | Skipulagsstofnun | Skipulagsstofnun telur að áform um Borgarlínu – eflingu almenningssamgangna og uppbyggingu meðfram þeim, falli vel að áherslum Landsskipulagsstefnu 2015-2016. Stofnunin telur mikilvægt að í endanlegum skipulagstillögum verði sett fram skýr sýn og áherslur um bæjarmynd, bæjarrými og yfirbragð byggðar á áhrifasvæðum Borgarlínu. Stofnunin telur einnig að setja þurfi skýra sýn og áherslur hvað varðar blöndun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem og samsetningu íbúðabyggðarinnar, varðandi stærðir, húsagerðir og búsetuform, m.a. með tilliti til að tryggt sé húsnæði á viðráðanlegu verði. Loks telur Skipulagsstofnun að tilefni geti verið til að byggja inn í stefnu svæðisskipulagsins og eftir atvikum aðalskipulags, tiltekin skilyrðu um það hvernig auknar heimildir til uppbyggingar virkjast í tengslum við uppbyggingu viðkomandi áfanga Borgarlínunnar. | Útfært í skipulagsgreinargerð |
| 13 | 10.06.2017 | Björn Vernharðsson | Kjarna/Aðalstöð verði í Sogamýri en ekki á BSÍ | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 14 | 12.06.2017 | Hildur Embla Ragnheiðardóttir | Kallar eftir að Árbær og Norðlingaholt verði tengd Borgarlínu | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 15 | 12.06.2017 | Betri spítali á betri stað | Borgarlína ætti að liggja eftir Reykjanesbraut og tengja Vífilstaði | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 16 | 13.06.2017 | Ásta Þorleifsdóttir | Skoða betur Reykjanesbraut sem kost enda muni þungamiðja miðborgarinnar færast austar. Grafarvogslínan of krókótt til að þjóna þeim sem búa næst Spönginni vel. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 17 | 15.06.2017 | Reitir fasteignafélag | Staðsetning kjarnastöðvar við Kringluna verði færð nær verslunarmiðstöðunni. Að Borarlínan þurfi að þjóna atvinnusvæðum við Kirkjusand og Borgartún betur. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. Vísað til vinnu aðalskipulagstillögu REY |

| | | | | |
|----|------------|--------------------------------|---|---|
| 18 | 16.06.2017 | Gerður Jónsdóttir | Fagnar Borgarlínu en spyr hvort legan muni liggja á lóð Leikskólans Steinahlíð | Vísað til vinnu aðalskipulagstillögu REY |
| 19 | 19.06.2017 | Atli Freyr Þorvaldsson | Leggur fram tillögur um breytta legu við Kringluna og að línan nái að þjóna Árbæ en á móti mætti stytta leiðir í úthverfin Velli, Grafarvog og Breiðholt. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 20 | 20.06.2017 | Björg Kristín Sigþórsdóttir | Ýmsar spurningar og athugasemdir við skipulagsferlið og gagnaskort. Telur að ekki sé fylgt lögum og því eigi að fresta vinnunni fram yfir sveitastjórnakosningar, vísar þar til 26. gr. skipulagslaga um endurksöðun ASK. | Hér er ekki verið að endurskoða svæðis-eða aðalskipulag. Vísað til vinnu aðalskipulagstillögu REY |
| 21 | 20.06.2017 | Íbúar við Einimel 1-7 | Mótmæla hugmyndum um legu Borgarlínu eftir göngustíg við Einimel eins og sýndar eru í skýrslu Mannvits frá 2015 "Greining á bestu legu - Fasi 1 | Íbúar eru að horfa til gammlra gagna og hugmynda sem ekki koma fram í vinnslutillögum.. |
| 22 | 20.06.2017 | Trausti Valsson | Að skipulagsvinnan þurfi lengri tíma til að ígrundunar. Að tillögurnar séu of radíal þannig að allar tengingar milli sveitarfélga séu þvingaðar í gegnum miðborg RVK. Að Borgarlínan verði til þess að ekki verði hugað að nauðsynlegum úrbótum á stofnvegakerfinu. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. Samanburður valkosta í UMÁ. |
| 23 | 20.06.2017 | Samtök um bíllausan lífsstíl | Fagnar áformum um Borgarlínu og telja að draga þurfi betur fram hvað sparast með tilkomu Borgarlínunnar í stað þess að einblína á kostnaðinn. | Ekki tilefni til viðbragða. |
| 24 | 20.06.2017 | Borgarholtsbraut 60-62-64 | Telja það slæma hugmynd að Borgarlína fari eftir Borgarholtsbraut. Færa eigi leguna yfir á Kársnesbraut. | Vísað til vinnu aðalskipulagstillögu KÓP |
| 25 | 20.06.2017 | Stúdentaráð Háskóla Íslands | Lýsir yfir ánægju með áforminn og leggja áherslu á góða tengingu við HÍ. | Ekki tilefni til viðbragða. |
| 26 | 20.06.2017 | Hallgerður Hallgrímsdóttir | Fagnar áfomunum en hvetur sveitarfélög til að gera meira og vinna hraðar - að markmið um 12% hlutdeild almenningsamgangna árið 2040 sé alltof hóflegt. | Ekki tilefni til viðbragða. |
| 27 | 20.06.2017 | Haraldur Sigþórsson | Telur að markmið um 12% hlutdeild muni aldrei nást, vísar til þróunar síðustu ára. Telur umhverfi Borgarlínu verða mjög óvistlegt og gengið verði á öryggissvæði. Að bílastæðum fækki of mikið eða verði alltof dýr. Byggingar meðfram götu verði óvistlegar m.t.t. hávaða og loftmengunar. Gera þurfi betri grein fyrir kostnaði við Borgarlínu og öðrum valkostum. | Samanburður valkosta og niðurstöðu UMÁ. |
| 28 | 20.06.2017 | Landssamtök íslenskra stúdenta | Fagnar áfomunum og því að ætlunin sé að leggja Borgarlínu að HÍ og HR. Hvetur til þess LHS á Lauganesi verði einnig tengdur. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 29 | 20.06.2017 | Landssamtök hjólreiðamanna | Almenn ánægja með áformin. Telja að standa þurfi betur að upplýsingum um ferðamataval. Koma með ýmsar almennar ábendingar sem tengjast beint nokkrum sveitarfélögum, sem varða þéttleika og uppbyggingu á þróunarsvæðum. Telja að gera þurfi kröfur um gjaldskyldu bílastæða og eru með ábendingar um aðgerðir til að bæta samspil umhverfis sem styður hjólreiðar og Borgarlínu. | Vísað til vinnu aðalskipulagstillagna og gerð leiðbeininga svæðisskipulagsn.. |
| 30 | 07.06.2017 | Elín Baldursdóttir | Hvergi kemur fram hvernig Borgarlína verði fjármögnuð. | Engin ákvörðun hefur verið tekin um fjármögnun |

| | | | | |
|----|------------|-----------------------------|---|--|
| | | | | Borgarlínu frekar en faðra samgönguinnviða sem eru á skipulagsáætlunum sveitarfélga. |
| 31 | 19.06.2017 | Örn Johnsson | Að Borgarlínan liggja inni Helgafellshverfi til að þjóna íbúðum Mosfellsbæjar betur. Að hugað sé að stórum bílastæðum í nágrenni við hana svo fleiri geti nýtt sér þennan ferðamáta. | Vísa til vinnu aðalskipulagstillögu MOS: |
| 32 | 20.06.2017 | Pétur Halldórsson | Lýsir yfir ánægju með vinnubrögðin. Spyr hvort skoðað sé sá möguleiki að C3 liggja eftir Kringlumýrarbraut þar sem óvissa er um tengingu yfir Fossvog og Vatnsmýrarsvæðið. | Vísað til COWI – Sjá lokaskýrslu. |
| 33 | 28.06.2017 | Landspítali/Háskóli Íslands | Fagna bættum almenningssamgöngum en mæla með að legja Borgarlínunnar verði sunnan spítalalóðina við Hringbraut til að koma í veg fyrir skerðingu á aðkomu sjúkrabíla að bráðamóttöku. | Vinnslutillaga að breytingu er í samræmi við aðalskipulag REY. Vísað til ferkari vinnu í REY.. |